



ÁRSSKÝRSLA LEIKSKÓLASVIÐS REYKJAVÍKURBORGAR 2007



Ársskýrsla Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar 2007

Gefin út í maí 2008

Ábyrgð Ragnhildur Erla Bjarnadóttir sviðsstjóri Leikskólasviðs

Tölfræði Hallgerður Inga Gestsdóttir

Umsjón Sigrún Björnsdóttir og Laura Bergs

Ljósmyndir Sigrún Björnsdóttir

Helstu heimildir:

Fundargerðir leikskólaráðs

Stefna og starfsáætlun Leikskólasviðs

Niðurstöður ýmissa kannana

Fréttatilkynningar og heimasíða Leikskólasviðs www.leikskolar.is

Efnisyfirlit

Ávarp formanns leikskólaráðs.....	4
Frá sviðsstjóra.....	5
Stiklað á stóru á árinu 2007	6-7
1. Leikskólaráð Reykjavíkurborgar	8
Fulltrúar	8
Stefnumörkun	9
Eftirlit	10
2. Leikskólasvið – Helstu verkefni	12
Skrifstofa sviðsstjóra	12
Leikskólaskrifstofa.....	12
Fjármálastjórnun	13
Starfsmannaþjónusta.....	13
Tölfræði- og rannsóknþjónusta.....	14
Upplýsingatækniþjónusta	14
Skólamötuneyti.....	14
Erlend samskipti	15
3. Leikskólastarf í tölum	16
Starfsmenn og starfsþróun	20
4. Starfsemi leikskóla.....	22
Stefnumörkun og framkvæmd.....	22
Börn af erlendum uppruna.....	23
Kannanir og þróunarverkefni.....	25
Nýir leikskólar	25
Samráð við leikskólastjóra	25
Dagforeldrar.....	27
5. Verðlaun og styrkir.....	28
Hvatningarverðlaun leikskólaráðs.....	28
Styrkir	28
6. Ársreikningur 2007	31
7. Útgáfur	34
8. Yfirlit yfir leikskóla borgarinnar	35

Ávarp formanns leikskólaráðs

Leikhús í tösku, þemastarf, könnunarleikur, jóga, vísindaleikir, stærðfræðikennsla, myndlist og umhverfismennt. Þessi orð og hugtök endurspegla aðeins brot af þeim fjölbættu verkefnum og margbreytilegu hugmyndafræði sem faglegt starf í leikskólum borgarinnar byggir á. Flóran er litrík, í borginni starfa 96 leikskólar og 188 dagforeldrar sem bjóða foreldrum upp á fjölbreytta valkosti fyrir börn sín. Fullyrða má að gróskan hafi aldrei verið meiri. Faglegt leikskólastarf eflist ár frá ári og nýlega hóf Reykjavíkurborg samstarf við KHÍ um rannsóknir í menntunarfræðum ungra barna, *Rannung*. Með því gefast enn fleiri tækifæri til að meta og byggja upp fagstarfið í leikskólunum.



Þjónusta við yngstu borgarbúana hefur verið í örri þróun í Reykjavík. Uppbyggingarstarf borgaryfirvalda hefur jafnframt ýtt undir metnað starfsmanna til að styrkja innviði skólafagsins, innleiða ný þróunarverkefni og bæta þjónustu við foreldra. Samfara þenslu í efnahagslífinu hefur skortur á starfsfólki hins vegar reynt verulega á allt skólakerfið, ekki síst á leikskólastigið, þar sem mannekla hefur verið viðvarandi. Afleiðingin er mikið álag á starfsmenn, foreldra og börn. Á sama tíma hefur ný menntastefna menntamálaráðuneytis litið dagsins ljós þar sem sett eru fram metnaðarfull áform um meiri sveigjanleika milli skólastiga og auknar faglegar kröfur til kennaramenntunar. Það má því með sanni segja að málefni leikskólans séu ofarlega á baugi í þjóðmálaumræðunni.

Í íslensku menntakerfi er leikskólinn skilgreindur sem fyrsta skólastigið. Fagráð leikskóla, leikskólaráð Reykjavíkur, vill fyrst og fremst stuðla að því að fagmennska og gæði séu höfð í fyrirrúmi í leikskólafninu og allri umgjörð leikskólans. Á liðnu ári hefur umræðan í ráðinu helst snúist um hvernig fjölga megi fagfólki í leikskólunum, en einnig um hvernig gera megi almennar kerfisbreytingar sem stuðlað geti að meiri sveigjanleika fyrir foreldra og starfsfólk.

Þegar á móti blæs er mikilvægt að starfsfólk leikskólanna finni fyrir mikilvægi sínu í samfélaginu og að það sé metið að verðleikum. Jafnframt þarf stöðugt að vekja athygli fjölmiðla á fjölbreyttum og metnaðarfullum verkefnum leikskólanna, þannig að umræðan um menntun yngstu borgarbúanna snúist líka um innihald og stuðli að aukinni virðingu fyrir starfi uppeldisstéttanna.

Lengi býr að fyrstu gerð og virk þátttaka foreldra í faglegu leikskólafninu er afar mikilvæg. Með því stuðla þeir fyrst og fremst að velferð barna sinna, en einnig að auknum skilningi á mikilvægu og faglegu starfi leikskólakennarans. Það er því hlutverk okkar allra að halda ótrauð áfram, setja okkur metnaðarfull markmið og gera kröfur um gæði í viðleitni okkar til að bæta þjónustu og aðbúnað í uppeldi og menntun yngstu Reykvíklinganna.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
formaður leikskólaráðs Reykjavíkur

Frá sviðsstjóra

Nýtt Leikskólasvið tók til starfa 1. janúar 2007 að undangenginni samþykkt borgarráðs um að skipta upp Menntasviði og stofna í þess stað tvö ný svið; Leikskólasvið, sem fer með málefni leikskóla og dagforeldra og Menntasvið, sem fer með málefni grunnskóla, tónlistarskóla og fullorðinsfræðslu. Nokkru áður, eða 22. september, var haldinn fyrsti fundur nýs leikskólaráðs undir formennsku Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur og 1. nóvember hóf undirrituð störf sem sviðsstjóri til þess að undirbúa stofnun nýja sviðsins. Staðgengill sviðsstjóra er Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri á leikskólaskrifstofu og starfsmannastjóri er Ingunn Gísladóttir, sem áður var starfsmannastjóri á Menntasviði. Þá var ráðinn nýr fjármálastjóri, Kristín Egilsdóttir, en saman myndar þessi hópur framkvæmdastjórn Leikskólasviðs. Margir reyndir og góðir starfsmenn tóku til starfa á nýju Leikskólasviði og þrír starfsmenn starfa á báðum sviðum. Mikil og góð samvinna er á milli sviðanna enda eru þau staðsett í sama húsnæði og ýmis þjónusta sameiginleg, s.s. upplýsingatækni, móttaka og upplýsingamiðlun og tölfræði- og rannsóknþjónusta.



Starfsmannaskortur setti svip á starfsemi sviðsins á árinu og allt kapp var lagt á að laða til leikskólanna hæfileikaríkt starfsfólk, en sem fyrr reyndist erfitt að fullmanna þá, enda mikil uppsveifla í þjófðélaginu. Af þessum sökum tókst ekki að fullnýta öll þau pláss sem eru í leikskólunum. Mikið reyndi á stjórnendur og starfsmenn svo ekki sé minnst á þá foreldra sem þurftu tímabundið að búa við skerta þjónustu. Þrátt fyrir erfiða stöðu í starfsmannamálum komu leikskólar borgarinnar afar vel út úr foreldrakönnun sem lögð var fyrir í maí, en hún sýndi að 97% foreldra telja að börnum þeirra líði vel í leikskólanum og 95% finnst viðfangsefni leikskólans áhugaverð. Þá telja 95% foreldra að leikskólinn komi til móts við þarfir barnsins. Þessi niðurstaða sýnir svo ekki verður um villst að starfsfólk leikskólanna vinnur frábært starf sem eftir er tekið og það ber að þakka.

Í nýju frumvarpi menntamálaráðherra til laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla má sjá vilja til aukins sveigjanleika, fjölbreytileika og samfellu í skólastarfi og því ber að fagna. Frumvarpið er mjög metnaðarfullt fyrir starfsemi leikskólans og jafnframt munu menntunarkröfur sem gerðar eru til leikskólakennara aukast.

Ragnhildur Erla Bjarnadóttir
sviðsstjóri Leikskólasviðs

Stiklað á stóru 2007

Janúar

Fleiri skipulagsdagar

Leikskólaráð Reykjavíkurborgar samþykkti einróma að fjölga skipulagsdögum starfsfólks leikskólanna, úr þremur í fjóra á ári. Með því er leitast við að efla faglegt starf og koma til móts við kröfur um meiri símenntun. Gert er ráð fyrir að tveir skipulagsdagar nýtist á haustönn og tveir á vorönn.

Febrúar

Styrkjum úthlutað

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri afhenti styrki leikskólaráðs við hátíðlega athöfn í Höfða. Alls var úthlutað 12,5 milljónum króna til 14 verkefna á fyrsta skólastiginu. Hæsti almenni styrkurinn kom í hlut leikskólans Völvuborgar vegna tilraunaverkefnisins **Tannvernd í leikskólum**, eða ein milljón króna. Myndlistarskólinn í Reykjavík fékk 3,5 milljóna króna styrk samkvæmt þjónustusamningi og samstarfsverkefni þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða, Barónsborgar, Lindaborgar og Njálshöfðaborgar fékk 1,5 milljón króna í styrk úr þróunarsjóði til fjölmennningarverkefnisins **Heimsins börn**. Sjá yfirlit yfir styrki skólaárið 2007-2008 á bls. 28.



Mars

Fæðisgjald lækkað

Leikskólaráð ákvað að lækka fæðisgjald leikskólabarna frá og með 1. apríl 2007 í kjölfar þess að virðisaukaskattur á matvæli var lækkaður. Þar með lækkuðu samanlögð útgjöld foreldra leikskólabarna í Reykjavík vegna fæðiskostnaðar um 20 milljónir króna á ársgrundvelli.

Apríl

Mikill áhugi á námi í leikskólafræðum

Um sjötíu áhugasamir starfsmenn leikskólanna sem uppfylla forkröfur til að stunda nám í leikskólafræðum komu á kynningarfund á vegum Leikskólasviðs 25. apríl. Öllum starfsmönnum sem lokið hafa stúdentsprófi stendur námið til boða. Kennaraháskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri kynntu á fundinum námsbrautir í leikskólafræðum. Fundurinn tókst með eindæmum vel og er vonast til að hann verði til þess fleiri en ella hefji nám í leikskólafræðum á næstu misserum.

Mái

Fyrstu leikskólaliðarnir útskrifast

Fyrsti hópur leikskólaliða útskrifaðist við hátíðlega athöfn í Höfða, að viðstöddum Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni borgarstjóra. Þrjátíu konur, 45 ára og eldri, sem starfað höfðu í leikskólum um árabil, luku námi sem leikskólaliðar, en þær hófu nám haustið 2005 á svokallaðri *Leikskólabró* sem kennd hefur verið á vegum Mímis-símenntunar í samvinnu við stéttarfélagið Eflingu og Reykjavíkurborg. Námið jafngildir 31 einingu á framhaldsskólastigi og er með því komið til móts við þarfir atvinnulífsins um styttri starfsbrautir og fjölþættari fagþekkingu á sviði uppeldis og menntunar.

Júni

Í júní kom út skýrsla starfshóps sem leikskólaráð skipaði og fékk það verkefni að leita leiða til að laða að starfsfólk, auka stöðugleika í starfsmannahaldi og auka fagþekkingu í leikskólum borgarinnar. Starfshópurinn lagði m.a. til að leikskólastarismönnum með stúdentspróf verði gert auðveldara að ljúka fjarnámi í leikskólafræðum samhliða starfi. Þeir sem starfað hafa í eitt ár eða lengur í leikskólum borgarinnar eiga samkvæmt tillögum hópsins að geta sótt um að stunda fjarnám í leikskólafræðum með starfi og án launaskerðingar meðan á námslotum stendur. Einnig var lagt til að myndaður yrði starfshópur með fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, menntamálaráðuneyti og Kennaraháskóla Íslands, auk fulltrúa frá stéttarfélögum starfsmanna, sem hefði það hlutverk að skilgreina starfsímynd leikskólastarfsins og vinna markvisst að bættri starfsímynd stéttarinnar.

Júlí — Ágúst

Sumarleyfi og útistarf

Öll leikskólabörn nutu sumarleyfis í júlí og ágúst, en leikskólastarfið fór að vanda að miklu leyti fram utan dyra yfir sumarmánuðina.

September

Endurskoðuð stefna um sérkennslu

Leikskólaráð ákvað að endurskoða stefnu og úthlutunarreglur vegna sérkennslu á leikskólastigi. Í tillögum sem samþykktar voru samhljóða í ráðinu kom fram að almennt væri unnið mjög öflugt og metnaðarfullt starf á sviði sérkennslu í leikskólum borgarinnar og að tveir skólar byggju yfir mikilli sérhæfingu á því sviði. Miklar breytingar hafi hins vegar orðið á aðkomu ríkisvaldsins að sérkennslu og einnig hafi stjórnssýslubreytingar í borginni gefið tilefni til þess að endurskoða stefnumiðin. Settir voru á laggirnar tveir starfshópar til að framfylgja tillögum leikskólaráðs og höfðu þeir hliðsjón af niðurstöðum nýgerðrar sérkennslukönnunar.

Október

Meirihlutaskipti

Við meirihlutaskipti í borginni í október varð Sigrún Elsa Smáradóttir formaður leikskólaráðs, en hún hafði áður setið í ráðinu.

Nóvember

Brú milli skólastiga

Opinn umræðuvettvangur um skólastarf á fyrstu tveimur skólastigunum, svokölluð BRÚ, var settur á laggirnar. Þar verður þekkingu miðlað til að undirbyggja ákvarðanir beggja fagraða sem fara með menntamál í borginni.




Desember

Aðventuhátíð leikskólastjóra

Gleði ríkti á aðventuhátíð leikskólastjóra í Reykjavík sem haldin var í safnaðarheimili Neskirkju í desember. Sigrún Elsa Smáradóttir, formaður leikskólaráðs og Ragnhildur Erla Bjarnadóttir sviðsstjóri héldu stutt ávörp og Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu, þakkaði Reginu Viggósdóttur, sem nýverið lét af störfum sem leikskólastjóri Völuborgar, farsælt starf.



1. Leikskólaráð Reykjavíkurborgar



Leikskólaráð haustið 2007. Frá vinstri Áslaug Friðriksdóttir, Ingvar Mar Jónsson, Sigrún Elsa Smáradóttir, Fanný Gunnarsdóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir formaður, Oddný Sturludóttir, Helga Björg Ragnarsdóttir.

Eftirfarandi fulltrúar sátu í leikskólaráði þar til um miðjan október:

Aðalmenn

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir formaður
Fanný Gunnarsdóttir varaformaður
Áslaug Friðriksdóttir
Ingvar Mar Jónsson
Sigrún Elsa Smáradóttir
Oddný Sturludóttir/Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir
Helga Björg Ragnarsdóttir

Varamenn:

Kristín Edda Guðmundsdóttir
Fanný Finnsdóttir
Guðrún Pálína Ólafsdóttir
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir/ Felix Bergsson/Eva Kamilla Einarssdóttir/Ólöf Halldóra Þórarinsdóttir
Dofri Hermannsson/Oddný Sturludóttir
Svandís Svavarsdóttir

Eftirtaldir fulltrúar sátu í leikskólaráði frá miðjum október:

Aðalmenn:

Sigrún Elsa Smáradóttir formaður
Fanný Gunnarsdóttir varaformaður
Oddný Sturludóttir
Helga Björg Ragnarsdóttir
Áslaug Friðriksdóttir
Ragnar Sær Ragnarsson
Helga Kristín Auðunsdóttir

Varamenn:

Ingvar Mar Jónsson
Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir
Ólöf Halldóra Þórarinsdóttir
Hermann Valsson
Guðrún Pálína Ólafsdóttir
Fanný Birna Jónsdóttir
Sigurður Örn Hilmarsson

Leikskólaráð Reykjavíkur mótast í umboði borgarstjórnar stefnu í menntamálum og öðrum málefnum barna á leikskólaaldri í Reykjavík. Þá tekur ráðið ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs á verkswiði sínu. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar í menntamálum barna á leikskólaaldri sé fylgt og fylgst með gæðum leikskólastarfs og annars starfs sem fram fer á verkswiði þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður. Leikskólasvið Reykjavíkurborgar annast stjórnsýslu leikskólaráðs.

Fulltrúar

Árið 2007 sátu sjö fulltrúar kosnir af borgarstjórn í leikskólaráði. Fulltrúi F- lista sat einnig fundi ráðsins sem áheyrnarfulltrúi. Leikskólastjórar, starfsfólk leikskóla og samtökin *Börnin okkar* áttu áheyrnarfulltrúa á fundum leikskólaráðs. Sviðsstjóri Leikskólasviðs, fjármálastjóri, starfsmannastjóri og skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu sátu fundi ráðsins auk ritara leikskólaráðs.

Frá áramótum og þar til meirihlutaskipi urðu í borginni á haustdögum starfaði leikskólaráð undir formennsku Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur. Um miðjan október tók nýtt leikskólaráð til starfa undir forystu Sigrúnar Elsu Smáradóttur.

Stefnumörkun

Leikskólaráð Reykjavíkur hélt átján fundi á árinu 2007. Jafnframt voru ráðnir nýir leikskólastjórar við leikskólana Ægisborg, Vinagerði, Álftaborg, Austurborg, Völvuborg og Hlíðaborg.

Leikskólaráð markaði stefnu um eftirtalda þætti:

- Í janúar var samþykkt tillaga um að frá og með skólaárinu 2007 – 2008 yrðu skipulagsdagar í leikskólum borgarinnar fjórir á ári.
- Árið 2007 var í fyrsta skipti úthlutað fjármagni til leikskóla vegna barna af erlendum uppruna og íslenskra barna sem dvalið hafa erlendis frá fæðingu. Á fundi leikskólaráðs í janúar voru samþykkt viðmið um úthlutun fjármagnsins.
- Í skýrslu starfshóps um ráðgjöf og eftirlit vegna daggæslu í heimahúsum, sem kynnt var vorið 2006, var lagt til að samdar yrðu verklagsreglur vegna kvartana foreldra/forráðamanna eða annarra vegna daggæslu. Í framhaldi af því samþykkti leikskólaráð í janúar að stofnaður yrði starfshópur til að vinna slíkar verklagsreglur á grundvelli reglugerðar félagsmálaráðuneytis um daggæslu í heimahúsum nr. 906/2005. Starfshópurinn lagði fram niðurstöður sínar á fundi ráðsins í apríl og voru verklagsreglurnar samþykktar samhljóða.
- Málefni dagforeldra voru til umfjöllunar í leikskólaráði í febrúar. Þá samþykkti ráðið að stofnaður yrði starfshópur sem hefði það hlutverk að taka saman upplýsingar um væntingar dagforeldra, foreldra, daggæslufulltrúa, kjörinna fulltrúa og starfsfólks á Leikskólasviði og nýta þær til þess að gera drög að þjónustusamningi milli dagforeldra og Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar.
- Vegna umfjöllunar um loftmengun við leikskóla samþykkti ráðið í febrúar tillögu um að fulltrúar Umhverfissviðs og Leikskólasviðs móti tillögur að aðgerðum og samstarfi til að fjölga loftgæðamælingum við leikskóla og auka upplýsingagjöf til leikskólastjóra þegar mengun fer yfir hættumörk.
- Breyting á reglum um styrki vegna náms- og kynnisferða starfsfólks í leikskólum var samþykkt á fundi leikskólaráðs í febrúar.
- Í mars samþykkti leikskólaráð tillögu fjármálastjóra Leikskólasviðs um lækkun fæðisgjalds í leikskólum í kjölfar lækkunar virðisaukaskatts á matvæli.
- Í mars var samþykkt tillaga fagráðs um skólamötuneyti að leiðarvísi um matarmenningu og hollustu í leikskólum.
- Í apríl var sviðsstjóra falið að ganga til viðræðna við Hjallastefnuna ehf. með það að markmiði að fela félaginu rekstur leikskólans Laufásborgar. Samningur þar að lútandi var samþykktur í leikskólaráði í júní.
- Ráðið samþykkti á vordögum að Leikskólasvið yrði samstarfsaðili að Rannung, rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna við Kennaraháskóla Íslands.
- Í júní samþykkti ráðið tillögu um að óska eftir því við borgarráð að veitt yrði aukastofnfé til kaupa á lausri stofu sem nýta mætti í Grafarholti þar sem mikill skortur er á leikskólaplássum í því hverfi.
- Skýrsla starfshóps um fjölgun fagfólks í leikskólum var kynnt í júní. Í kjölfar umfjöllunar ráðsins um skýrsluna var samþykkt tillaga um að hugmyndir sem þar koma fram um að styðja við leikskólastjóra og starfsmenn leikskóla verði settar í farveg og kostnaðarmetnar.
- Í júní var samþykkt tillaga um að niðurgreiðslur til dagforeldra og rekstrarstýrkir til sjálfstætt starfandi leikskóla hefjist við 6 mánaða aldur hjá einstæðum foreldrum og foreldrum í námi en við 9 mánaða aldur hjá foreldrum í sambúð.
- Leikskólaráð samþykkti í júní tillögu um að frá og með skólaárinu 2008/2009 verði börn/nemendur annaðhvort skráð á leikskólastig eða grunnskólastig. Vegna mikillar eftirspurnar eftir leikskólaplássi taldi ráðið óeðlilegt að barn væri á tveimur skólastigum á sama tíma.
- Ráðið samþykkti í júní tillögu um að Leikskólasvið semji við Strætó bs. um útgáfu strætókorts fyrir leikskóla borgarinnar með það að markmiði að lækka kostnað vegna ferða á skólatíma.
- Leikskólaráð samþykkti í júní að beina því til borgarráðs að leiga vegna húsnæðis leikskólanna Grænuborgar, Steinahlíðar og Öldukots verði hækkuð sem og stýrkir til sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík sem fá húsnæðisstyrk frá sviðinu. Þetta var lagt til vegna nýrra álaga í formi fasteignaskatta og atvinnulóðaleigu samkvæmt breytingum á lögum nr. 4/1995 um tekjstofn sveitarfélaga.

- Á fundi leikskólaráðs í ágúst var samþykkt tillaga um að nýtt skyldi heimild til tímabundinna viðbótarlauna, sbr. ákvæði í kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara frá 1. október 2006.
- Í september samþykkti ráðið að stofna starfshóp til að endurskoða stefnu um sérkennslu í leikskólum.
- Á fundi ráðsins í september var samþykkt að stofna starfshóp til að endurskoða úthlutunarreglur vegna sérkennslu í leikskólum. Ráðið taldi tímabært að yfirfara fyrri úthlutunarreglur, m.a. vegna þess að þar er ekki tekið tillit til langveikra barna, meðferðir barna eru nú sérhæfðari en áður og eins er brýnt að endurskoða úthlutun vegna atferlisgreininga.
- Í september var samþykkt tillaga um að stofnaður yrði starfshópur sem leggi drög að framtíðarskipulagi gæsluleikvalla í Reykjavík. Rekstrarfyrirkomulag gæsluleikvalla hefur breyst mjög á undanförunum árum vegna aukins framboðs leikskólaplássa. Starfshópurinn kanni eftirspurn og nýtingu gæsluleikvalla með núverandi sniði og setji fram tillögur í samræmi við niðurstöður.
- Í september var samþykkt tillaga um að stöðugildi vegna innritunar og leikskólaráðgjafar sem færð voru til þjónustumiðstöðva við stjórnkerfisbreytingarnar árið 2005 heyri framvegis undir Leikskólasvið. Þannig verði tryggt að stefnumótun og ábyrgð annars vegar og útfærsla og framkvæmd hins vegar fari saman.
- Leikskólaráð samþykkti í október reglur um almenna styrki leikskólaráðs og styrki ráðsins til þróunarverkefna.
- Í nóvember var samþykkt tillaga um að setja á laggir umræðuvettvang leikskóla- og menntaráðs, Brú. Brúarfundir eru öllum opnir og þar er fjallað um faglegt starf á fyrstu skólastigunum. Leiðarljós í starfsemi Brúar er að barnið sé ávallt í brennidepli, að leik- og grunnskóli vinni saman og að skólagangan sé samfelld og ánægjuleg.
- Í nóvember var samþykkt tillaga um að stofnaður yrði starfshópur um störf í leikskólum. Hann skoði m.a. hvernig verkaskiptingu er háttað, yfirfari starfsheiti og starfslýsingar og greini möguleika á starfsþróun og endurmenntun.
- Samþykkt var á fundi leikskólaráðs í desember að stofna starfshóp sem leggi fram tillögur að því hvernig auka megí samstarf leikskóla við listaskóla og aðrar menningarstofnanir.

Eftirlit

Eftirlit leikskólaráðs með leikskólastarfi í borginni fólst einkum í svörum við fyrirspurnum fulltrúa í ráðinu og minnisblöðum um ýmis mál sem lögð voru fyrir ráðið. Staða starfsmannamála í leikskólum var kynnt reglulega svo og upplýsingar um fjölda barna og fjölda rýma í leikskólum sem og nýtingarhlutfall leikskóla.

Skýrslur starfshópa og niðurstöður ýmissa kannana voru lagðar fram í ráðinu. Þar má nefna niðurstöður vinnustaðagreiningar, könnun um viðhorf foreldra til leikskólans, kynnt var starfsemi Náttúruskóla Reykjavíkur sem stendur fyrir margvíslegri fræðslu fyrir starfsfólk og börn í leikskólum borgarinnar, kynningu á gæðahandbók fyrir skólamötuneyti og kynnt var sérkennsla og stuðningsúrræði fyrir börn í leikskólum Reykjavíkurborgar.

Þá voru verkefnin sem hlutu hvatningarverðlaun leikskólaráðs árið 2007 kynnt á fundum ráðsins. Fulltrúar frá Framkvæmdasviði komu á fund leikskólaráðs og kynntu fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir á næstu árum.

Um verðlaun og styrki leikskólaráðs, sjá bls. 27.



2. Leikskólasvið – Helstu verkefni

Skrifstofa sviðsstjóra

Skrifstofa sviðsstjóra hafði yfirlit með stefnumörkun og innleiðingu breytinga, annaðist upplýsingamiðlun og kynningarmál, samskipti innanlands og utan, gæðamál, skjalastjórnun og almenna afgreiðslu erinda. Þá veitti hún leikskólaráði þjónustu og undirbjó og sá um fundi þess. Ragnhildur Erla Bjarnadóttir veitti skrifstofu sviðsstjóra forstöðu, en þar störfuðu einnig upplýsingafulltrúi, deildarstjóri móttöku- og upplýsingadeildar, verkefnastjóri sem jafnframt er ritari leikskólaráðs og ritari sviðsstjóra.

Móttöku- og upplýsingadeild

Deildin sinnti fjórum meginverkefnum: símsvörun, mótöku, skjalavörslu, rekstri aðalskrifstofu og ræstingu. Starfsmenn voru sex og þjónuðu þeir báðum skólasviðum. Deildin sá um ýmsar framkvæmdir í húsinu á árinu. Kaffistofa starfsmanna var betrubætt og norður-inngangur úr porti var gerður upp. Þá voru herbergi í kjallara tekin í gegn til að bæta vinnuáðstöðu upplýsingatækniþjónustu. Gæðastjóri vann að því að byggja upp gæðastjórnunarkerfi fyrir sviðið og byggir það á ISO 9001 gæðastjórnunarstaðlinum. Stefnt er að vottun gæðastjórnunarkerfisins fyrri hluta árs 2009. Steinunn Hjartardóttir veitti deildinni forstöðu en hún er jafnframt gæðastjóri sviðsins.

Leikskólaskrifstofa

Skrifstofan vann að þróun leikskólastarfs og undirbúningi að stefnumörkun leikskólaráðs, sá um upplýsingamiðlun til ráðsins og annaðist eftirlit með leikskólastarfi. Hún hafði yfirlit með nefndarstörfum og starfshópum sem störfuðu að mállefnum leikskólans og undirbjó hönnun og smíði leikskólabygginga og útileiksvæða í samvinnu við Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar. Skrifstofustjóri var Hildur Skarphéðinsdóttir og var hún næsti yfirmaður leikskólastjóra borgarinnar sem eru 78 talsins. Auk hennar störfuðu fjórir starfsmenn á leikskólaskrifstofu, sem sinntu m.a. ýmis konar verkefnastjórnun, eftirliti með borgar- og einkareknum leikskólum og eftirliti og umsjón með útgáfu leyfa til daggæslu í heimahúsum.

Leikskólaskrifstofa stóð mánaðarlega fyrir fundum með leikskólastjórum og jafnframt fundaði samráð leikskólastjóra einu sinni í mánuði. Skrifstofan skipulagði árlega náms- og kynnisferð leikskólastjóra, en að þessu sinni var sótt ráðstefna EECERA (European Early Childhood Education Research Association) í Prag. Þá tók skrifstofan þátt í að skipuleggja símenntun leikskólastjórnenda og veitti almenna ráðgjöf um stjórnun í samvinnu við starfsmannþjónustu.

Helstu áherslur 2007

Áhersla var lögð á að styðja við faglega þróun leikskólans, s.s. við gerð einstaklingsáætlana og mat barna og foreldra á leikskólastarfinu. Helstu mál sem unnið var að tengdust ráðgjöf við nýbreytnistarf og stuðningi við stjórnendur leikskóla.

- Kallað var eftir skólanámskrám frá öllum leikskólum borgarinnar.
- Rýnihópar um ýmis mállefni komu saman, s.s. um yngstu börnin (1-3 ára).
- Safnað var upplýsingum um útivist og hreyfingu barna.
- Unnið var að stefnumótun um yngstu börnin í leikskólanum.
- Þróunarverkefni um einstaklingsáætlanir var ýtt úr vör.
- Veitt var ráðgjöf til leikskóla um bætt mataræði, hollustuhætti og hreyfingu.
- Undirbúningur hófst fyrir ráðstefnuna *Rödd barnsins*.
- Unnið var að undirbúningi og byggingu leikskóla í Norðlingaholti, viðbyggingu Rofaborgar og nýbyggingu Álftaborgar.
- Endurgerð leikskólalóða var undirbúin í samstarfi við Framkvæmdasvið og starfsfólk leikskólanna.



Fjármálastjórnun

Fjármálaþjónusta Leikskólasviðs tók til starfa í ársbyrjun 2007 við skiptingu skólasviðanna. Hún hafði yfirumsjón með fjármálum sviðsins. Starfsmenn voru sjö og sinntu þeir fjárhagsáætlunargerð, uppgjörum, innheimtu, umsjón með greiðslum vegna barna sem eru í vistun í sveitarfélagi utan lögheimilis, greiðslum til dagforeldra og greiðslum vegna barna í sjálfstætt rekrum leikskólum, svo og tölfraðivinnu. Einnig var haldið fjármálanámskeið fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Fjármálastjóri var Kristín Egilsdóttir.

Helstu áherslur 2007

- Fjárhagsáætlun 2008 kallaði á breytta aðferðarfræði og var hún meginverkefni haustmánaða.
- Gerðar voru breytingar á fjárhagsáætlun 2007 og kostnaðarstöðum fjölgað til að auka kostnaðarvitund og fjárhagslega ábyrgð stjórnenda.
- Ferill vegna innheimtu leikskólagjalda var endurskoðaður.
- Gerður var samningur við Hjallastefnuna ehf. um rekstur leikskólans Laufásborgar.
- Þjónustusamningur við sjálfstætt starfandi leikskóla var endurskoðaður. Stefnt er að því að allir leikskólar undirriti nýjan samning á næstu tveimur árum.
- Mánaðaruppgjörum fyrir leikskóla var breytt og upplýsingagjöf aukin til leikskólastjóra.
- Fjármálaþjónusta hélt námskeið fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra í Agressó-bókhaldskerfinu. Einnig hélt fjármálaþjónusta námskeið í forsendum fjárhagsáætlunar leikskóla 2008 fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.
- Vinnu við mánaðaruppgjör var breytt á tvo vegu:
 - 1) Millifærslur vegna sérkennslu, íslenskukennslu og viðbótarfjármagns vegna tækjakaupa voru gerðar mánaðarlega frá vori 2007.
 - 2) Fjárheimild borgarrekinnna leikskóla vegna umfram-/vannýtingar leikskóla var breytt mánaðarlega frá október 2007.

Starfsmannaþjónusta

Starfsmannaþjónusta veitti á árinu fjölþætta þjónustu og ráðgjöf. Hún hélt m.a. utan um starfsauglýsingar og hafði umsjón með ráðningum leikskólastjóra og starfsmanna á aðalskrifstofu. Af öðrum verkefnum má nefna úrvinnslu og eftirfylgd í framhaldi vinnustaðagreininga og ráðgjöf í málum sem tengjast vinnuumhverfi, s.s. samskiptum, áhættumati og eineltismálum. Einnig var veitt ráðgjöf um vinnurétt og túlkun kjarasamninga. Þá hafði starfsmannaþjónusta umsjón með ýmis konar fræðslu og námskeiðum, aðstoðaði við gerð símenntunaráætlana og sá um sérhæfð námskeið fyrir stjórnendur.

Starfsmannaþjónusta er í samstarfi við mannauðsskrifstofu Ráðhússins og þá sem annast starfsmannamál á öðrum sviðum borgarinnar. Auk starfsmannastjóra störfuðu í árslok einn lögfræðingur og þrír mannauðs-ráðgjafar hjá starfsmannaþjónustunni. Starfsmannastjóri var Ingunn Gísladóttir.

Helstu verkefni 2007

- Aðstoð við leit að starfsfólki og stuðningur við leikskóla vegna manneklu.
- Umsjón með starfsmannaauglýsingum.
- Ráðgjöf og aðstoð við ráðningar.
- Fræðsla, greiningar- og úrbótavinna í kjölfar vinnustaðagreininga.
- Ýmis fræðsla og námskeið á starfsdögum og starfsmannafundum leikskóla.
- Ráðgjöf og úrlausnarvinna vegna ágreinings- og eineltismála.
- Sérhæft námskeið fyrir aðstoðarleikskólastjóra.
- Námskeið um vinnurétt.
- Fræðsla fyrir stjórnendur í notkun Oracle-mannauðskerfisins.
- Starfstengd íslenskunámskeið fyrir erlenda starfsmenn í samvinnu við Alþjóðahús.
- Fagnámskeið í samvinnu við Mími.
- Námskeið í gerð eineltisvarnarstefnu og viðbragðsáætlunar.
- Námskeið um slysavarnir og skyndihjálp.

Tölfræði- og rannsóknþjónusta

Meginhlutverk tölfræði- og rannsóknþjónustu er að safna og vinna úr gögnum um leik- og grunn-skólastarf í borginni, auk áætlanagerðar og vinnu við rannsóknir á skólastarfi. Deildarstjóri var Hildur Björk Svavarsdóttir, en auk hennar störfuðu þrír sérfræðingar og fulltrúi á deildinni.

Helstu verkefni 2007

- Framkvæmd og úrvinnsla úr könnunum, s.s. um viðhorf foreldra barna í leikskólum og framkvæmd sérkennslu í leikskólum.
- Þróun samantekta á upplýsingum um stöðu starfsmannamála í leikskólunum.
- Gagnaöflun fyrir leikskólaráð vegna stefnumótunar og eftirlits.
- Framkvæmd vinnustaðagreiningar í leikskólum og kynningar á þeim.

Upplýsingatæknipjónusta

Rafræn upplýsingamiðlun til foreldra var bætt til muna, m.a. með því að endurhanna og fjölga heimasíðum leikskólanna. Nær fimmtíu leikskólar fengu nýja heimasíðu á árinu, en stefnt var að því að allir leikskólar borgarinnar hafi fengið nýja heimasíðu fyrir 1. mars 2008. Nýju heimasíðurnar voru smíðaðar í samstarfi upplýsingatæknideildar Menntasviðs og fyrirtækisins *Hugsa sér* og á grunni skýrslu sem starfshópur á vegum Leikskólasviðs gerði. Verkefnisstjóri með heimasíðugerðinni var Aldís Björk Sigurðardóttir. Þá var á árinu stórbættur tölvukostur og nettengingar leikskólanna og sá mikilvægi áfangi náðist að allir starfsmenn leikskólanna fengu eigið netfang.

Skólamötuneyti

Átak var gert í gæðamálum skólamötuneyta á árinu 2007, en til að tryggja sem best öryggi er gerð krafa um virkt innra eftirlit samkvæmt reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Menntasvið og Leikskólasvið stóðu að útgáfu gæðahandbókar skólamötuneyta um innra eftirlit. Hún lýsir innra eftirliti í skólamötuneytum og geymir leiðbeiningar og vinnulýsingar til að tryggja rétta meðhöndlun, vinnslu og eldun á matvælum. Innleiðingu innra eftirlits var fylgt eftir með námskeiðum fyrir starfsfólk mötuneytanna um notkun gæðahandbókarinnar.

Hjallastefnan ehf. tók við rekstri Laufásborgar



Í júní var undirritaður þjónustusamningur um yfirtöku Hjallastefnunnar ehf. á rekstri leikskólans Laufásborgar. Á myndinni eru frá vinstri Ragnhildur Erla Bjarnadóttir sviðsstjóri, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir formaður leikskólaráðs, Óli Jón Hertervig Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar, Margrét Pála Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar og Helga Sverrisdóttir stjórnarformaður Hjallastefnunnar.

Erlend samskipti

Sem endranær héldu starfsmenn Leikskólasviðs utan til náms- og kynnisferða á árinu. Tilgangur slíkra ferða er að fylgjast með þróun leikskólamála í öðrum löndum, sjá hvar við stöndum í samanburði við aðra og færa heim nýjar hugmyndir og reynslu. 20 leikskólar fóru á árinu í náms- og kynnisferðir til 6 landa og 12 leikskólar í Reykjavík taka þátt í Comeníusar-verkefnum.

Í maí fóru þrír fulltrúar úr leikskólaráði og fjórir starfsmenn sviðsins í kynnisferð til Kaupmannahafnar og Stokkhólms. Hópurinn heimsótti fræðslufirvöld, átti fund með aðstoðarmanni menntamálaráðherra Svíþjóðar og heimsótti menntaskrifstofu Stokkhólms í ráðhúsi borgarinnar. Auk þess var farið í heimsókn í fjölmarga leikskóla. Skýrsla um ferðina er á heimasíðu sviðsins.

Skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu sat ráðstefnu sem bar heitið *International Transitions Research Confernce* í Glasgow í apríl. Viðfangsefni hennar var samþætting leik- og grunnskóla og skil á milli skólastiga.

Árleg námsferð leikskólastjóra var farin til Tékklands í ágúst. Að þessu sinni var sótt ráðstefna EECERA (Félag evrópskra rannsóknastofnana um nám og kennslu yngri barna) í Prag en þar var m.a. fjallað um kenningar rússneska sálfræðingsins Vygotsky's. Skýrsla um ferðina er á heimasíðu sviðsins.

Í ágúst tóku skrifstofustjóri og þróunarfulltrúi á leikskólaskrifstofu þátt í norrænu leikskólaráðstefnunni sem að þessu sinni var haldin á Akureyri. Þar var fjallað um fjölbreytileg tjáningarform menningar og lista.

Fjölmargir erlendir gestir heimsóttu aðalskrifstofu Leikskólasviðs og reykvíska leikskóla árið 2007. Erlendir aðilar óska í auknum mæli eftir kynningu á menntastefnu Reykjavíkurborgar, starfsemi sviðsins og vilja heimsækja skólastofnanir. Þá vilja erlendir gestir gjarnan kynna sér afmarkaða þætti í leikskólastarfi, s.s. stefnu í sérkennslumálum. Meðal þeirra sem sóttu okkur heim á árinu 2007 voru samstarfsleikskólar í hinum ýmsu Comeníusar-verkefnum og starfsfólk leikskóla í Kaupmannahöfn, Lundi og Helsinki.

Í apríl heimsótti okkur hópur kennara frá Bank Street College of Education í New York og í maí fengum við góða granna úr vestri í heimsókn. Þar voru á ferð grænlandskir félagsliðar frá bæjum á austurströnd Grænlands og við Diskóflóa sem kynntu sér reykvískra leikskóla. Grænlendingarnir, sem einnig heimsóttu aðalskrifstofu Leikskólasviðs, þökkðu fyrir sig með trommudansi og söng.

Sveitarstjórnarmenn frá Vejle í Danmörku heimsóttu sviðið í ágúst og fengu kynningu á málefnum barna með sérþarfir í leikskólum.



3. Leikskólastarf í tölum

Á árinu 2007 voru 78 almennir leikskólar starfandi í Reykjavík og 17 einkareknir. Einn nýr leikskóli, Rauðhóll, tók til starfa í Norðlingaholti og Hjallastefnan efh. tók við rekstri Laufásborgar.

Haustið 2007 voru 5.526 börn skráð í 78 almennum leikskólum Reykjavíkurborgar og 869 í 17 einkareknum leikskólum. Um 94% barna dvöldu í leikskólanum í 7-9 stundir.

Heildarfjöldi barna eftir gerð leikskóla að hausti 2000-2007 ¹⁾

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Almennir leikskólar	5.240	5.462	5.772	5.810	5.800	5.729	5.799	5.526
Einkareknir leikskólar	430	572	590	576	640	648	535	869
Samtals	5.670	6.034	6.362	6.386	6.440	6.377	6.334	6.395

1) Reykvísk börn í einkareknum leikskólum utan Reykjavíkur ekki talin með



Fjöldi barna í almennum leikskólum borgarinnar í október 2007

Laikskóli	Fjöldi barna	Stofnár	Leikskóli	Fjöldi barna	Stofnár
Arnarborg	63	1972	Jörfi	103	1997
Austurborg	90	1974	Klambrar	85	2002
Álftaborg	81	1968	Klettaborg	77	1990
Árborg	62	1969	Kvarnaborg	57	1987
Ásborg	112	1987	Kvistaborg	61	1972
Bakkaborg	101	1972	Laufskálar	99	1996
Bakki	76	2003	Laugaborg	95	1966
Barónsborg	35	1950	Lindarborg	54	1994
Berg	47	2004	Lyngheimar	103	1998
Blásalir	81	2000	Lækjarborg	49	1972
Brákarborg	52	1992	Mariuborg	101	2002
Brekkuborg	79	1992	Múlaborg	79	1975
Drafnarborg	35	1950	Njálsborg	53	1981
Dvergasteinn	61	1998	Nóaborg	66	1986
Engjaborg	81	1994	Rauðaborg	47	1994
Fálkaborg	62	1980	Rauðhóll	88	2007
Fellaborg	53	1973	Reynisholt	64	2005
Fífuborg	74	1993	Rofaborg	79	1985
Foldaborg	63	1986	Seljaborg	58	1977
Foldakot	45	1992	Seljakot	54	1996
Funaborg	48	1994	Sjónarhóll	58	1999
Furuborg	54	1986	Skógarborg	53	1969
Garðaborg	54	1983	Sólbakki	49	2004
Geislabaugur	119	2004	Sólborg	71	1994
Grandaborg	65	1985	Sólhlíð	82	1968
Grænaborg	80	1931	Stakkaborg	77	1983
Gullborg	77	1990	Steinahlíð	31	1949
Hagaborg	99	1960	Suðurborg	121	1979
Hamraborg	87	1964	Sunnuborg	92	1970
Hamrar	122	2001	Sæborg	82	1993
Hálsaborg	59	1980	Tjarnarborg	45	1941
Hálsakot	74	1985	Vesturborg	71	1979
Heiðarborg	83	1990	Vinagerði	46	2006
Hlíðaborg	45	1960	Völvuborg	50	1974
Hlíðarendi	23	1963	Ægisborg	84	1982
Hof	109	1996	Öldukot	42	1989
Holtaborg	66	1969	Ösp	54	1980
Hólaborg	71	1977			
Hraunborg	66	1984			
Hulduheimar	91	1997			
Jöklaborg	101	1988			
			SAMTALS	5526	


Einkareknir leikskólar**Börn**

Fossakot	76
Korpukot	95
Hjallastefnan Laufásborg	103
Leikgarður	59
Leikskólinn 101	27
Lundur	28
Barnaheimilið Ós	24
Regnboginn	59
Skerjagarður	48
Sólgarður	58
Sælukot	36
Vinaminni	39
Leikskólinn Höfn	40
Vinagarður leikskóli KFUM og KFUK	45
Waldorfleikskólinn Sólstafir	27
Samtals:	764
Mánagarður*	63
Mýri*	42
Samtals:	869

*Þjónustusamningur við Leikskólasvið um innritun og innheimtu.

**Laus stöðugildi í leikskólum 2006 og 2007**

— Laus stöðugildi 2006 — Laus stöðugildi 2007



Fjöldi barna sem naut stuðnings og sérkennslu í leikskólum á árinu 2007

Alls fengu 74 börn, sem þurfa verulega aðstoð eða gæslu vegna alvarlegrar fötlunar, sérkennslu á árinu 2007. 151 barn með miðlungs þroskahömlun fékk sérkennslu og reglulega aðstoð.

	1. fl.	2.fl.	5.fl.	Alls
Drengir	57	115		172
Stúlkur	17	36		53
5. flokkur	0	0	15	15
Alls	74	151	15	240

- 1.fl. börn sem þurfa verulega aðstoð eða gæslu vegna alvarlegrar fötlunar.
- 2.fl. börn sem þurfa reglulega aðstoð vegna miðlungs þroskahömlunar.
- 3.fl. börn sem þurfa töluverða aðstoð vegna vægrar þroskahömlunar.*
- 4.fl. börn sem þurfa tímabundna aðstoð vegna ofvirkni og félags- og tilfinningaerfiðleika.*
- 5.fl. stuðningatímar ætlaðir tímabundið á deild. Alls 15 úthlutanir á árinu.

*Hver leikskóli fær ákveðið fjármagn í hlutfalli við stærð leikskólans til að mæta sérþörfum barna sem falla undir 3. og 4. flokk.

Meðaltal stuðningstíma á dag sem börn fá úr 1. og 2. flokki

flokkur	meðaltal á dag
1. fl.	6,33 klst.
2. fl.	2,74 klst.
5. fl.	3 klst

Úthlutun fjármagns eftir fötlunarflokkum og hverfum

	1. fl.	2. fl.	5. fl.	Alls
Miðborg/Hlíðar	22	21	1	44
Vesturbær	2	12	0	14
Laugardalur/Háaleiti	19	32	2	53
Árbær/Grafarholt	4	15	5	24
Breiðholt	16	42	5	63
Grafarvogur/Kjalarnes	8	23	2	33
Einkareknir leikskólar	3	6	0	9
Alls leikskólar	74	151	15	240

Starfsmenn og starfsþróun

Á fundi leikskólaráðs þann 17. janúar 2007 var samþykkt að fjölga skipulagsdögum í leikskólum úr þremur í fjóra á ári frá og með skólaárinu 2007-2008. Í kjölfar þessarar samþykktar var ákveðið að símenntun starfsfólks færdist í auknum mæli út í leikskólana og að sviðið drægi þar með úr framboði af miðlægum námskeiðum. Með þessum hætti myndast aukið svigrúm fyrir hvern og einn leikskóla til þess að aðlagja símenntun starfsmanna sinna að námskrá og stefnu viðkomandi skóla. Einnig er mögulegt að tveir eða fleiri leikskólar, sem vinna eftir sömu hugmyndafræði, geti sameinast um námskeiðshald í tengslum við skipulagsdagana. Þeir eru nýttir eftir aðstæðum í hverjum leikskóla í fræðslumál starfsmanna og skipulagningu á innra starfi.

Þrátt fyrir þessar breytingar býður Leikskólasvið enn upp á nokkur námskeið fyrir stjórnendur, starfsmenn mótuneyta og nýráðna starfsmenn, auk annarra sérhæfðra námskeiða. Á árinu 2007 voru m.a. haldin tvö sérhæfð námskeið fyrir aðstoðarleikskólastjóra. Á Leikskólasviði voru einnig haldin námskeið fyrir nýráðið starfsfólk í leikskólum og námskeið í notkun gæðahandbókar fyrir starfsfólk mótuneyta. Enn fremur var haldin kynning fyrir nýráðna leikskólakennara. Leikskólasvið er einnig í samstarfi við aðrar stofnanir um námskeiðshald. Í samráði við Mími-símenntun er boðið upp á stigskipt fagnámskeið fyrir starfsfólk í leikskólum og í samráði við Alþjóðahús er boðið upp á starfstengd íslenskunámskeið fyrir starfsfólk af erlendum uppruna.

Í maí 2007 útskrifaðist fyrsti hópur leikskólaliða en þeir höfðu stundað nám í *Leikskólabró*. Annar hópur útskrifaðist í desember. Nú er í boði námsbraut í Borgarholtsskóla fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum og jafnhliða henni geta þeir starfsmenn sem hafa 3 ára starfsaldur og eru eldri en 22 ára stytt námið og farið svokallaða brúarleidd í samstarfi við Mími-símenntun. *Leikskólabróin* er nám samhliða vinnu sem samsvarar eins árs námi eða 31 einingu á framhaldsskólastigi.



Námskeið á vegum Leikskólasviðs Reykjavíkur 2007

Efni	Markhópur	Námskeið	Stundir	Fjöldi þáttt.
Námskeið 1 fyrir aðstoðarleikskólastjóra	Aðstoðarleikskólastjórar	2	40	75
Að lesa úr niðurstöðum greininga	Starfsfólk í sérkennslu	1	9	22
Námskeið 2 fyrir aðstoðarleikskólastjóra	Aðstoðarleikskólastjórar	1	40	Stendur yfir
Daglegt líf í leikskóla	Starfsfólk leikskóla	1	40	24
Leiðir til að fyrirbyggja og takast á við erfiða hegðun	Starfsfólk með fagmenntun	2	32	61
Líkamsvitund og líkamsbeiting	Starfsfólk leikskóla	1	24	17
Málþroski og læsi í leik- og grunnskólum	Leikskólakennarar	1	50	Stendur yfir
Námskeiðsröð fyrir stjórnendur	Leikskólastjórar	1	20	Ótilgreint
Notkun gæðahandbókar fyrir eldhús í leikskólum	Starfsfólk mötuneyta	6	2	64
Næring barna og gerð næringarútreikninga	Starfsfólk mötuneyta	1	20	38
Slysavarnir og skyndihjálpar - 1. hluti	Starfsfólk leikskóla	1	26	25
Slysavarnir og skyndihjálpar - 2. hluti	Starfsfólk leikskóla	1	26	26
Slysavarnir og skyndihjálpar barna	Nýráðið starfsfólk	1	6	11
Tákn með tali - grunnnámskeið	Starfsfólk leikskóla	1	6	18
Tákn með tali - frh.	Starfsfólk leikskóla	1	10	11
Velkomin til starfa!	Nýráðið starfsfólk			
Móttaka nýrra starfsmanna	Nýráðið starfsfólk	3	3	76
Námskeið fyrir nýráðna leikskólakennara	Leikskólakennarar	2	3	40
Samtals		27	357	508

4. Starfsemi leikskóla

Stefnumörkun og framkvæmd

Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í menntun leikskólabarna byggir á einstaklingsmiðuðu námi og að gerð sé einstaklingsáætlun fyrir hvert barn í samvinnu við foreldra. Annað meginstefnumið er að byggja upp jákvæða sjálfsmynd og efla félagsfærni allra barna í leikskólum án aðgreiningar.

Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna

Gerð var könnun á því hve margir leikskólar gera einstaklingsáætlanir fyrir öll börn. Komist var á fót starfshópi sem safnaði ítarupplýsingum frá þeim leikskólum sem vinna með einstaklingsáætlanir. Haldinn var opinn fundur þar sem kynntar voru þrjár aðferðir við gerð einstaklingsáætlana og voru þátttakendur hvattir til að hefja þróunarverkefni í einstaklingsáætlanagerð. Þrír leikskólar fengu styrk úr þróunarsjóði leikskólaráðs til að þróa einstaklingsáætlanir.

Skóli án aðgreiningar

Leikskólar Reykjavíkur starfa samkvæmt stefnu borgarinnar um skóla án aðgreiningar og hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun. Til skólanna er úthlutað fjármagni til sérkennslu, annars vegar almenn úthlutun vegna barna í 3. og 4. flokki og hins vegar úthlutun vegna barna með miklar sérþarfir í 1. og 2. flokki. Úr 5. flokki er úthlutað tímabundið og nær undantekningarlaust vegna barna af erlendum uppruna og barna með hegðunarerfiðleika. Úthlutun er ákveðin í kjölfar greininga frá sérhæfðum greiningarstofnunum. Úthlutun úr 1. 2. og 5. flokki er miðlæg og er unnið samkvæmt reglum sem samþykktar voru í leikskólaráði árið 1998.

Á árinu skipaði leikskólaráð tvo starfshópa sem skyldu annars vegar endurskoða úthlutunarreglur vegna sérkennslu frá árinu 1998 og hins vegar sérkennslustefnu sem samþykkt var árið 2002. Báðir hópar skila niðurstöðum árið 2008.

Gerð var sérkennslukönnun í öllum leikskólum Reykjavíkurborgar. Niðurstaðna er að vænta 2008.

Góð andleg, líkamleg og félagsleg líðan

Starfshópur um eflingu sjálfsmyndar og félagsfærni starfaði á árinu og mun hann skila niðurstöðum 2008.

Safnað var upplýsingum um útivist og hreyfingu og þeim miðlað til leikskólanna.

Veitt var ráðgjöf til leikskóla um bætt matarræði og gæðahandbók fyrir skólamötuneyti gefin út.

Gæðahandbókinni verður fylgt eftir með námskeiðum fyrir allt starfsfólk í mötuneytum leikskólanna.

Tengsl skóla, foreldra og grenndarsamfélags


Gerð var viðhorfskönnun í apríl meðal allra foreldra í öllum leikskólum Reykjavíkurborgar. Gögnum var safnað til að smíða hugmyndabanka um samstarfsverkefni leik- og grunnskóla í grenndarsamfélaginu. Þessum hugmyndum verður miðlað um heimasíðu Leikskólasviðs á árinu 2008. Samstarf leikskóla við Myndlistaskóla Reykjavíkur og Tónskóla Sigursveins var eftl. Þá var upplýsingamiðlun til foreldra bætt til muna með nýjum heimasíðum leikskóla.



Börn af erlendum uppruna

Alls voru 683 börn af erlendu bergi brotnu í leikskólum borgarinnar á árinu 2007 og eru þau um 12% leikskólabarna. Hafði þeim fjölgað um 43 frá árinu 2006. Í þessum hópi eru börn sem eiga foreldra af erlendum uppruna, óháð því hvort þau hafa íslenskan ríkisborgararétt. Flest börn af erlendum uppruna eru í Breiðholti eða rösklega 200 og í Laugardal og Háaleitishverfi eru þau 157. Flest koma börnin frá Filippseyjum, Póllandi og Tælandi, en alls voru börn af 89 þjóðernum í leikskólunum.

Mynd 3. 2. Börn af erlendum uppruna í leikskólum eftir borgarhverfum haustið 2007



Allir með

fjölmennningarlegt leikskólastarf

Á vormisseri gerði Leikskólasvið samning við Fríðu B. Jónsdóttur og Önnu Margréti Þorláksdóttur um að handbók þeirra um fjölmennningarlegt leikskólastarf yrði unnin sem heimasíða. Markmiðið var að starfsfólk leikskóla gæti nýtt sér það efni í daglegu starfi. Unnið var að því á vormisseri og fram á haust að fullbúa efnið fyrir vefútgáfu og fór ný vefurinn, www.allirmed.is, í loftið í lok árs. Samhliða var gefinn út kynningarbæklingur um efni vefsins.



Kannanir og þróunarverkefni

Foreldrar ánægðir með þjónustu leikskólanna

Mikill meirihluti foreldra leikskólabarna í Reykjavík, eða 93%, er mjög eða frekar ánægður með þjónustu leikskólanna og 97% telja að barninu þeirra líði þar vel. Þetta kom fram í könnun meðal foreldra sem gerð var á vegum Leikskólasviðs í júní. Mikil ánægja var líka með foreldraviðtöl (92%) og 93% foreldra töldu starfið í leikskólanum koma vel til móts við vitsmunaproska barnsins.

Þá kom fram í könnuninni að 9 af hverjum 10 foreldrum sem eiga barn sem fær sérþjónustu í leikskóla, s.s. vegna fötlunar, ofnæmis, tungumáls, þroskafrávika eða hegðunarerfiðleika, eru ánægðir með þá þjónustu. Helst töldu foreldrar leikskólabarna að bæta mætti upplýsingamiðlun, s.s. á heimasíðum og kynningu á nýju starfsfólki í leikskólanum. Alls tóku tæplega 3.200 manns þátt í könnuninni eða um 64% allra foreldra leikskólabarna í borginni. Könnunin var kynnt á fundi leikskólaráðs 20. júní og lýsti ráðið ánægju með niðurstöðurnar sem voru sagðar bera vitni um framúrskarandi starf í leikskólum borgarinnar.

Nýir leikskólar

Rauðhóll - nýr leikskóli í Norðlingaholti

Borgarstjóri opnaði nýjan leikskóla, Rauðhól, að Sandaváði 7 í Norðlingaholti. Leikskólinn rúmar 88 börn á fjórum deildum og þar verður lögð áhersla á umhverfisvernd, leik með náttúrulegan efnivið, vináttu og fjölskyldutengsl. Leikskólastjóri er Guðrún Sólveig Vignisdóttir.



Ný Álfaborg tekur til starfa

Borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, opnaði formlega nýja Álfaborg í nóvember. Hún var reist á lóð gamla leikskólans og er glæsilegt 659 fermetra hús þar sem 88 börn dvelja á fjórum deildum. Arkitektastofan Arkþing ehf. teiknaði skólahúsið en tveir aðrir leikskólar borgarinnar eru starfræktir í sams konar byggingum. Leikskólastjóri Álfaborgar er Anna Hjördís Ágústsdóttir.



Afmæli leikskóla

Eftirtaldir leikskólar borgarinnar fögnuðu stórafmælum á árinu 2007:

Ásborg 20 ára

Hólaborg 30 ára

Hulduheimar 10 ára

Jörfi 10 ára

Kvarnarborg 20 ára

Seljaborg 30 ára

Samráð við leikskólastjóra

Samráð leikskólastjóra, sem í eiga sæti fulltrúar leikskólastjóra úr öllum hverfum Reykjavíkurborgar, fundaði mánaðarlega og ræddi faglegar áherslur, starfsmannamál, þróunarverkefni, símenntunarmál og fleira. Skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu leiddi samráðsfundina, en alls voru haldnir 15 fundir á árinu. Yfirmaður og starfsmenn leikskólaskrifstofu funduðu jafnframt mánaðarlega með öllum leikskólastjórum.

Leikskólastjórafundir á árinu 2007

	Fundarstaður	Fundarefni
Janúar	Fríkirkjuvegur 1	Ragnhildur Erla Bjarnadóttir kynnti nýtt skipurit Leikskólasviðs. Helena Óladóttir kynnti Náttúruskóla Reykjavíkur. Hildur Björk Svavarsdóttir kynnti niðurstöður úr foreldrakönnunum.
Febrúar	Gerðuberg	Ragnhildur Erla Bjarnadóttir kynnti MA verkefni sitt <i>Kjarapróun leikskólakennara í Reykjavík</i> . Kynning á ferð leikskólastjóra til Finnlands.
Mars	Fríkirkjuvegur 1	Þórhildur Líndal kynnti mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Jón Torfi Jónasson flutti erindi <i>Hvernig þróast leikskólinn? Gengið inn í 21. öldina</i> . Borgar Þór Axelsson kynnti <i>Vinnustund</i> . Kynnt var rannsókn á tengslum kirkju og skóla.
Maí	Fríkirkjuvegur 1	Dr. Anna Kristín Sigurðardóttir kynnti doktorsritgerð sína <i>Lærdómsmenning í menntastofnunum</i> . Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri gerði grein fyrir áherslum í símenntun leikskólastarfsmanna næsta skólaár. Þórkatla Þórisdóttir, kennslustjóri í Borgarholtsskóla, kynnti námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum. Anna María Pétursdóttir kynnti niðurstöður könnunar á stjórnunaráherslum leikskólastjóra.
Júní	Fríkirkjuvegur 1	Tómas Bjarnason frá Capacent kynnti vinnustaðagreiningu í leikskólum borgarinnar og á aðalskrifstofu Leikskólasviðs. Dröfn Guðmundsdóttir kynnti skýrslu starfshóps um fjölgun fagfólks í leikskólum. Hildur Björk Svavarsdóttir greindi frá foreldrakönnun 2007. Aukafundur um starfsáætlun Leikskólasviðs 2008.
Ágúst	Fríkirkjuvegur 1	Ragnhildur Erla Bjarnadóttir sagði frá helstu verkefnum framundan. Jóhanna Eyrún Torfadóttir kynnti gæðahandbók fyrir mötuneyti leikskóla. Jóhanna Einarsdóttir kynnti nýútkomna bók sína <i>Lítill börn með skólatöskur</i> . Ólafur Haukur Símonarson rithöfundur kynnti og gaf öllum leikskólum geisladisk með barnalögum í tilefni af 60 ára afmæli sínu.
September	Fríkirkjuvegur 1	Hildur Skarphéðinsdóttir gerði grein fyrir verkefnum sl. árs og stöðu. Auður Jónsdóttir fór yfir stöðu starfsmannamála og viðbrögð við manneklu. Edda Björgvinsdóttir flutti fyrirlestur um jákvæðni, húnur og hlýlegt viðmót.
Október	Fríkirkjuvegur 1	Kristín Egilsdóttir fór yfir fjármál leikskóla. Sr. Sigurður Pálsson flutti erindi um samstarf leikskóla og kirkju. Guðmundur Ingi Markússon frá Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins kynnti eTwinning, rafrænt skólasamstarf í Evrópu.
Nóvember	Fríkirkjuvegur 1	Kynnt voru drög að starfs- og fjárhagsáætlun Leikskólasviðs 2008. Valgeir Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Atli Einarsson læknir kynntu fyrirkomulag þjónustu Vinnuverndar, hlutverk trúnaðarlæknis og samning við Reykjavíkurborg.
Desember	Safnaðarheimili Neskirkju	Jólastund í boði Leikskólasviðs.

Dagforeldrar

823 börn dvöldu hjá 188 sjálfstætt starfandi dagforeldrum á árinu 2007. Leikskólasvið veitti þeim starfsleyfi og fjárframlög og sinnti lögbundnu eftirliti samkvæmt reglugerð félagsmálaráðuneytisins nr. 907/2005. Þann 1. janúar 2007 var framlag Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar með börnum hjá dagforeldrum hækkað verulega. Markmiðið með því var fyrst og fremst að lækka kostnað foreldra sem nýta sér þessa þjónustu, en einnig að tryggja grundvöll hennar.

Starfshópar

Í janúar var skipaður starfshópur til að vinna verklagsreglur um málsmeðferð kvartana í samræmi við reglugerð um daggæslu í heimahúsum 907/2005. Hópurinn skilaði niðurstöðum sínum í maí. Í kjölfarið voru verklagsreglurnar sendar dagforeldrum.

Í mars var skipaður var starfshópur um störf og starfsskilyrði dagforeldra. Markmiðið var að útbúa drög að þjónustusamningi milli dagforeldra og Leikskólasviðs. Hópurinn var enn að störfum í árslok.

Fræðslustarf

Fyrsti námskeiðsdagur dagforeldra var haldinn 20. apríl 2007 á Grand hóteli. Fjölmarginir sóttu námskeiðið og var almenn ánægja með það meðal dagforeldra.


Grunnnámskeið fyrir nýja dagforeldra voru haldin í febrúar og október í samvinnu við Námsflokka Hafnarfjarðar - Miðstöð símenntunar.

Fulltrúi Leikskólasviðs tók þátt í endurskoðun á námsefni og gerð handbókar vegna grunnnámskeiðs dagforeldra sem fór fram á vegum félagsmálaráðuneytis.

Á námskeiði fyrir dagforeldra í október var í fyrsta sinn kennt eftir nýrri handbók. Einnig var haldið slysavarnarnámskeið fyrir dagforeldra, en þátttaka í því er m.a. skilyrði fyrir endurnýjun á leyfi til daggæslu í heimahúsum.

Á árinu var gefinn út bæklingur um daggæslu í heimahúsum. Í honum eru ýmsar hagnýtar upplýsingar, m.a. hvaða skilyrði dagforeldrar þurfa að uppfylla til að fá starfsleyfi og hvaða faglega ráðgjöf þeim stendur til boða.

Fjöldi barna hjá dagforeldrum 1997- 2007



5. Verðlaun og styrkir



Hvatningarverðlaun leikskólaráðs

Hvatningarverðlaun leikskólaráðs Reykjavíkurborgar voru afhent í Höfða í maí. Þetta var í fyrsta sinn sem verðlaunin voru veitt, en nýtt leikskólaráð samþykkti að stofna til þeirra á fyrsta fundi sínum haustið 2006. Markmið verðlaunanna er að hvetja til nýbreytni í leikskólastarfi og vekja athygli á því gróskumikla þróunarstarfi sem fram fer í leikskólum borgarinnar.

Sex leikskólar hlutu hvatningarverðlaun:

- Dvergasteinn fyrir verkefnið *Ótrúleg eru ævintýrin* og *Samstarf myndlistaskólans og leikskólans*.
- Fellaborg fyrir fjölmenningarverkefnið *Mannauður í margbreytileika*.
- Hamraborg fyrir verkefnið *Vísindaleikir*.
- Nóaborg fyrir verkefnið *Stærðfræði*.
- Sólborg fyrir verkefnið *Sameiginlegt nám fatlaðra og ófatlaðra barna* og *Samvinna og fagstarf*.
- Steinhlið fyrir umhverfisverkefnið *Í túninu heima*.

Styrkir

Á fundi sínum í janúar samþykkti leikskólaráð tillögur að úthlutun almennra styrkja og styrkja til fræðslu og þróunarverkefna í leikskólum skólaárið 2007-2008. Alls var úthlutað 12,5 milljónum króna til 14 verkefna. Að þessu sinni var lögð áhersla á verkefni sem tengjast sjálfsmynd nemenda og félagsfærni, málproska og læsi, útivist og hollustu, vísindum, raungreinum og upplýsingatækni, bráðgerum börnum í einstaklingsmiðuðu námi og sveigjanlegum skilum milli skólastiga.

Þróunarsjóður leikskólaráðs 2007		
Styrkþegi	Heiti verkefnis	Fjárhæð
Háskólinn á Akureyri	Heimspekisamræða í kennarahópi - starfsþroski og endurmenntun	600.000
Leikskólar	Einstaklingsmiðað (kjarna)námskeið fyrir starfsfólk leikskóla	1.000.000
Leikskólar í Grafarvogi - samstarfsverkefni Sjónarhóls og fjögurra leikskóla í Grafarvogi	Umhverfið sem þriðji kennarinn - Hvernig má betur nýta krafta samkennara?	700.000
Samvinna leik- og grunnskóla	Skilaboðaskjóðan - Oft er í holti heyrandi nær	600.000
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða - samstarfsverkefni Barónsborgar, Lindarborgar og Njálshöfðaborgar	Heimsins börn - samstarfsverkefni um fjölmenningarlegan leikskóla	1.500.000
Víkurskóli - samstarfsverkefni Víkurskóla og leikskólans Hamra	Einstaklingsmiðuð skólabyrjun - samstarfsverkefni leik- og grunnskóla	500.000
Samtals:		4.900.000

Almennir styrkir leikskólaráðs 2007		
Styrkþegi	Verkefni	Fjárhæð
Tákn með tali ehf.	Gerð tölvuleikjar til að kenna yngstu kynslóðinni tákn með tali	700.000
Rannveig Þorkelsdóttir	Búum til sögur - hljóðleikhús fyrir 5-9 ára börn	500.000
Hulda Sverrisdóttir	Viðbót við handbók um dansa og hreyfileiki frá árinu 2002	600.000
Hulda Markúsdóttir	Tónlistarkennsla í leikskólum	600.000
Völvuborg	Tilraunaverkefnið Tannvernd í leikskólum	1.000.000
Samtals:		3.400.000

Þjónustusamningar - samstarfssamningar		
Styrkþegi	Verkefni	Fjárhæð
Börnin okkar	Til reksturs samtakanna Börnin okkar, samtaka foreldrafélaga leikskóla í Reykjavík	300.000
Myndlistaskólinn í Reykjavík	Rekstur Myndlistaskólans í Reykjavík - þjónustusamningur vegna barna 3-5 ára	3.500.000
Afmælisstyrkir	Áætlaðir afmælisstyrkir leikskóla 2007	480.000
Styrkir alls:		12.580.000

Vetrarhátíð



Vetrarhátíð í Reykjavík er ekki síst hátíð leikskólabarna sem jafnan leggja þar mikið af mörkum og taka þátt í ýmsum uppákomum. Að þessu sinni var m.a. efnt til myndlistarsýningar í Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og í tilefni af menningarhátíðinni *Pourquoi pas?* sungu fimm hundruð fimm ára leikskólabörn fullum hálsi *Meistari Jakob* og *Frère Jacques* á íslensku og frönsku. Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands leiddi sönginn ásamt eldri borgurum í Breiðholti, sendiherra Frakka og borgarstjóranum í Reykjavík.



Drengir í Nóaborg reikna, en leikskólinn þeirra fékk hvatningarverðlaun leikskólaráðs 2007 fyrir stærðfræðiverkefni.

Gjaldskrá leikskóla Reykjavíkur - gildir frá 1.4.2007

Khukkustundir	Gjald I	Gjald I	Gjald II	Gjald II	Gjald III	Gjald III
	m/ morgunmat	m /mat og hressingum	m/ morgunmat	m /mat og hressingum	m/ morgunmat	m /mat og hressingum
4	8.260 kr.		6.380 kr.		4.140 kr.	
5	10.020 kr.	13.650 kr.	7.670 kr.	11.300 kr.	4.870 kr.	8.500 kr.
6		15.410 kr.		12.590 kr.		9.230 kr.
7		18.390 kr.		15.100 kr.		11.180 kr.
8		20.150 kr.		16.390 kr.		11.910 kr.
9		21.910 kr.		17.680 kr.		12.640 kr.

Gjaldskrá 5 ára barna - gildir frá 1.4.2007

Khukkustundir	Gjald I	Gjald I	Gjald II	Gjald II	Gjald III	Gjald III
	m/ morgunmat	m /mat og hressingum	m/ morgunmat	m /mat og hressingum	m/ morgunmat	m /mat og hressingum
4	2.980 kr.		2.510 kr.		1.950 kr.	
5	4.740 kr.	8.370 kr.	3.800 kr.	7.430 kr.	2.680 kr.	6.310 kr.
6		10.130 kr.		8.720 kr.		7.040 kr.
7		13.110 kr.		11.230 kr.		8.990 kr.
8		14.870 kr.		12.520 kr.		9.720 kr.
9		16.630 kr.		13.810 kr.		10.450 kr.

	Gjald I	Gjald II	Gjald III
Tímagjald	1.760 kr.	1.290 kr.	730 kr.
Morgunverður	1.220 kr.		
Matur	3.630 kr.		
Eftirmd.hressing	1.220 kr.		

Systkinaafsláttur er 100% með barni 2 eða fleirum. Reiknast alltaf á elsta barnið og af kennslugjaldi

Gjald I greiða giftir foreldrar og sambúðarfólk

Gjald II greiða foreldrar þar sem annað foreldri er í námi

Gjald III greiða einstæðir foreldrar, foreldrar sem báðir eru í námi og annað eða báðir foreldrar öryrkjar.



6. Ársreikningur 2007

Upphafleg fjárhagsáætlun Leikskólasviðs Reykjavíkur 2007 var 6,9 milljarðar króna en hækkaði í tæpa 7,7 milljarða á árinu. Hækkunin skýrist einkum af:

- Kjarasamningum.
- Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði og innri leigu áhalda og tækja sem í upphaflegri fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að bókaðist miðlægt.
- Flutningi fjárheimilda af Menntasviði þar sem kostnaður vegna t.d. þjónustumiðstöðva var áætlaður á Menntasviði í upphaflegri fjárhagsáætlun.
- Aukningu á niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum.

Rekstrarkostnaður sviðsins var 8,2 milljarðar og tekjur voru tæpur milljarður.

Rekstrarniðurstaða leikskólanna var misjöfn. 38 leikskólar skiluðu afgangi og 40 voru reknir með halla. Hafa ber í huga að frá 1. október 2007 fengu þeir starfsmenn leikskólanna sem alltaf borða með börnunum álagsgreiðslu sem nemur um 10% launahækkun. Heildarkostnaður á Leikskólasviði vegna þessa var 90 milljónir króna á tímabilinu október – desember 2007. Ekki var gert ráð fyrir þessari hækkun í fjárhagsáætlunum leikskólanna og því kemur þetta niður á rekstrarniðurstöðu leikskólanna. Nettó lækkan á fjárhagsáætlunum einstakra leikskóla var 142 milljónir króna vegna vannýtingar þeirra sem stafar af skorts á starfsfólki.

Kostnaður vegna sérkennslu jókst og fór fram úr fjárhagsáætlun. Niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum fór fram úr upphaflegri fjárhagsáætlun. Hækkunin stafar af fjölgun vistunartíma hjá börnum.

Gerðar voru þær breytingar á fjárhagsáætlun 2007 að kostnaðarstöðum á Leikskólasviði var fjölgað til að auka kostnaðarvitund og fjárhagslega ábyrgð stjórnenda. Nú er hver stjórnandi ábyrgur fyrir kostnaði í sinni deild.

Helstu breytingar á árinu

- **Rekstrarstyrkir vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum** voru hækkaðir frá 1. janúar 2007. Í stað þess að reikna út meðalkostnað við vistun barns í fimm hagkvæmstu leikskólum Reykjavíkurborgar var rekstrarstyrkurinn miðaður við meðalkostnað við vistun barna í öllum leikskólum Reykjavíkurborgar.
- **Styrkir vegna barna í vistun hjá dagforeldrum** voru hækkaðir verulega 1. janúar 2007 eða um nær 50%. Hækkun niðurgreiðslu skilaði sér í fjölgun dagforeldra og fjölgunar dagvistunarrýma hjá dagforeldrum.
- **Rekstrarformi leikskólans Laufásborgar** var breytt úr borgarreknum í sjálfstætt rekinn leikskóla þegar Hjallastefnan tók yfir rekstur leikskólans 1. september 2007.
- **Leikskólinn Álftaborg var stækkaður** þegar byggður var nýr leikskóli fyrir starfseminna. Gamla húsnæðið var orðið úr sér gengið og það var rífið.

Ársreikningur Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar 2007

	Tekjur	Laun og launatengd gjöld	Annar rekstar- kostnaður	Rekstar- niðurstaða	Esk. áætlun tímabils	Frávik tímabils	Hlutfall af Esk. áætlun tímabils
Leikskólasvið							
<i>Ráð og yfirstjórn:</i>							
Leikskólaráð		11.919	1.056	12.975	11.444	(1.531)	113%
Skrifstofa	10	135.427	29.735	165.152	175.640	10.488	94%
Leikskólaskrifstofa			6.109	6.109	788	(5.321)	776%
Fjármálaþjónusta			3.627	3.627	7.525	3.898	48%
Starfsmannþjónusta	665		24.528	23.863	10.456	(13.407)	228%
	675	147.346	65.054	211.725	205.852	(5.873)	103%
Leikskólar							
Vesturgarður			62	62		(62)	
Sérkennsla í leikskólum			6.077	6.077	(28.570)	(34.647)	-21%
Nýbúakennsla í leikskólum			500	500	133	(367)	376%
Arnarborg	8.993	58.951	16.248	66.207	65.388	(819)	101%
Austurborg	15.933	91.419	24.201	99.688	97.163	(2.525)	103%
Álftaborg	10.235	66.975	18.638	75.377	67.950	(7.427)	111%
Árborg	9.921	56.629	15.400	62.107	57.410	(4.698)	108%
Ásborg	17.262	99.990	30.930	113.658	108.639	(5.019)	105%
Bakkaborg	16.450	105.602	21.466	110.618	103.957	(6.661)	106%
Barónsborg	5.548	37.363	6.845	38.659	37.288	(1.371)	104%
Brákaborg	8.782	49.354	12.296	52.868	50.734	(2.134)	104%
Brekkuborg	13.794	62.722	20.658	69.585	80.205	10.620	87%
Drafnarborg	5.755	34.061	7.840	36.147	37.320	1.173	97%
Engjaborg	13.497	73.022	21.745	81.269	86.226	4.957	94%
Fálkaborg	9.473	62.241	13.752	66.519	64.401	(2.119)	103%
Fellaborg	7.575	54.272	11.522	58.218	54.010	(4.208)	108%
Fífuborg	12.692	63.079	21.119	71.505	73.126	1.621	98%
Foldaborg	9.913	68.043	17.166	75.296	75.110	(186)	100%
Foldakot	7.038	46.251	12.233	51.446	49.132	(2.313)	105%
Funaborg	8.501	46.028	13.831	51.358	49.823	(1.535)	103%
Garðaborg	7.756	45.975	12.650	50.870	55.516	4.646	92%
Grandaborg	10.352	58.553	12.302	60.503	61.590	1.087	98%
Grænaborg	13.829	75.661	17.656	79.488	83.065	3.577	96%
Gullborg	12.925	64.889	17.944	69.908	74.554	4.645	94%
Hagaborg	16.884	84.139	20.876	88.132	89.631	1.499	98%
Hamraborg	14.245	74.547	19.147	79.450	77.278	(2.172)	103%
Hálsaborg	10.102	54.002	12.540	56.440	59.727	3.287	94%
Hálsakot	13.024	63.941	19.109	70.027	76.941	6.914	91%
Heiðarborg	12.451	69.692	17.896	75.136	71.399	(3.738)	105%
Hlíðaborg	7.371	45.589	11.749	49.967	49.020	(948)	102%
Hlíðarendi	3.577	25.672	5.477	27.572	31.480	3.909	88%
Hof	16.884	92.377	21.810	97.303	94.397	(2.906)	103%
Holtaborg	10.465	58.290	14.731	62.556	62.370	(186)	100%
Hólaborg	10.361	59.764	13.104	62.506	65.152	2.646	96%
Hraunborg	10.687	62.407	16.100	67.819	62.665	(5.153)	108%
Jöklaborg	16.399	95.877	25.557	105.035	100.472	(4.563)	105%
Klettaborg	12.728	63.751	19.525	70.548	73.302	2.754	96%
Kvarnarborg	9.347	46.216	15.910	52.779	47.918	(4.862)	110%
Kvistaborg	9.813	49.940	12.615	52.741	57.686	4.945	91%
Laufskálar	13.059	65.884	20.372	73.197	73.037	(160)	100%
Laugaborg	16.994	85.352	28.493	96.850	98.747	1.896	98%
Lindarborg	9.832	56.478	15.783	62.429	67.613	5.184	92%
Lækjarborg	9.362	49.657	13.130	53.425	55.801	2.376	96%
Múlaborg	13.421	103.166	25.324	115.069	111.087	(3.982)	104%
Njálsborg	8.146	49.060	14.302	55.216	57.948	2.732	95%
Nóaborg	10.943	60.187	13.701	62.945	65.117	2.172	97%
Rauðaborg	9.242	50.431	14.719	55.907	52.821	(3.086)	106%
Rofaborg	12.089	67.669	18.233	73.813	72.573	(1.240)	102%
Seljaborg	9.522	48.250	12.065	50.793	55.029	4.236	92%
Seljakot	8.773	57.423	13.854	62.504	55.700	(6.804)	112%
Sólborg	11.681	88.404	18.043	94.766	99.122	4.356	96%
Sólhlíð	15.293	74.847	19.137	78.691	77.907	(784)	101%
Bakki	12.667	65.699	17.216	70.248	69.601	(647)	101%
Stakkaborg	11.777	72.174	13.847	74.244	75.720	1.476	98%
Steinahlíð	4.861	24.280	11.446	30.865	31.316	451	99%

Suðurborg	18.331	125.603	23.974	131.246	132.413	1.167	99%
Sunnuborg	15.220	79.446	21.818	86.044	91.755	5.712	94%
Sæborg	12.341	68.704	18.641	75.005	73.108	(1.897)	103%
Tjarnarborg	7.211	42.095	11.492	46.375	44.231	(2.145)	105%
Vesturborg	12.042	60.913	13.463	62.334	61.119	(1.216)	102%
Völvuborg	7.237	53.679	13.576	60.018	64.576	4.558	93%
Ægisborg	11.935	72.941	19.662	80.668	78.518	(2.150)	103%
Ösp	7.854	66.580	17.268	75.994	69.116	(6.878)	110%
Jörfi	16.437	96.236	24.625	104.424	105.618	1.194	99%
Hulduheimar	14.681	68.419	18.741	72.479	71.008	(1.471)	102%
Dvergasteinn	10.585	56.249	12.985	58.648	61.692	3.044	95%
Berg	6.527	40.961	16.223	50.657	43.450	(7.207)	117%
Sólbakki	8.144	50.317	14.726	56.900	54.502	(2.397)	104%
Sjónarhöll	9.964	55.444	15.793	61.274	63.543	2.269	96%
Lyngheimar	17.203	82.581	23.658	89.036	97.027	7.991	92%
Öldukot	6.971	37.911	8.156	39.097	39.202	106	100%
Furuborg	9.827	51.945	17.457	59.576	60.522	946	98%
Skógarborg	8.875	44.996	15.023	51.144	50.875	(269)	101%
Blásalir	11.723	63.297	21.552	73.126	73.439	313	100%
Hamrar	20.178	92.645	26.468	98.935	104.578	5.643	95%
Klambrar	13.192	85.719	20.421	92.948	90.619	(2.329)	103%
Mariuborg	17.262	86.304	20.738	89.780	90.600	820	99%
Geislabaugur	18.260	91.844	31.634	105.218	95.330	(9.888)	110%
Reynisholt	10.420	55.979	17.316	62.875	65.518	2.643	96%
Vinagerði	8.281	50.604	22.469	64.792	55.089	(9.704)	118%
Rauðhóll	8.574	57.722	25.390	74.538	79.298	4.760	94%
Sameiginl. kostn. leikskóla - Leikskólaskrifstofa			212	212		(212)	
Sameiginl. kostn. leikskóla - Starfsmannabjónus		99.158	53.985	153.143	176.741	23.598	87%
Endurúthlutun			917	917	143.617	142.700	1%
	887.499	5.124.534	1.417.276	5.654.311	5.779.848	125.537	98%
<i>Gr.v. barna í einkar. leiksk., hjá dagf. og sv.fél:</i>							
Gr. til sveitarfél.v/dagvistarpl.			10.932	10.932	15.000	4.068	73%
Laufásborg	9.736	61.693	17.726	69.682	94.831	25.148	73%
Leikgarður	665	485	3.533	3.353		(3.353)	
Gr.frá sveitarfél.v/dagvistarpl.	36.317			(36.318)	(10.600)	25.718	343%
Mánagarður	9.464		70.103	60.639	54.009	(6.630)	112%
Mýri	6.503		47.759	41.256	43.440	2.184	95%
Einkareknir leikskólar			590.218	590.218	563.647	(26.571)	105%
Húsnæðisstyrkir einkarekinna leikskóla			37.056	37.056	48.466	11.410	76%
Dagforeldrar			391.226	391.226	397.500	6.274	98%
Dagforeldrar sameiginlegur kostnaður			2	2		(2)	
	62.686	62.178	1.168.554	1.168.046	1.206.293	38.247	97%
<i>Miðlæg þjónusta og safnliðir:</i>							
Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta (RÁS)			480	480		(480)	
Leikskólar - skuldabréf			1.496	1.496		(1.496)	
Leikskólasvið - Þjónustumiðstöðvar			126.188	126.188	126.217	29	100%
Lausafjárkaup leikskóla		11.480	81.147	92.627	90.000	(2.627)	103%
Gæsluleikvællir		1.067	102	1.169		(1.169)	
Stofnstyrkir							
		12.547	209.412	221.960	216.217	(5.743)	103%
<i>Styrkir til leikskólamála:</i>							
Aðrir styrkir til dagvistamála					3.000	3.000	0%
Menningar- og listasjóður							0%
Námsstyrkir		14.747		14.747	35.000	20.253	42%
Þróunarsjóður			11.066	11.066	12.000	934	92%
Rannsóknarsjóður					1.000	1.000	0%
		14.747	11.066	25.813	51.000	25.187	51%
<i>Annað:</i>							
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði (LKS)			2.340	2.340	202.479	200.139	1%
Innri leiga áhalda og tækja			10.368	10.368	9.409	(959)	110%
			12.708	12.708	211.888	199.180	6%
Leikskólasvið samtals	950.860	5.361.352	2.884.070	7.294.563	7.671.098	376.535	95%

7. Útgáfur

Bæklingur um daggæslu í heimahúsum

Júní 2007

Umsjón Sigríður Marteinsdóttir og Sigrún Björnsdóttir

Skýrsla starfshóps um málþroska og læsi í leik- og grunnskólum

Júní 2007

Ritstjórn Guðrún Edda Bentsdóttir og Elísabet Helga Pálmadóttir.

Skýrsla starfshóps um fjölgun fagfólks í leikskólum borgarinnar

Júní 2007

Ritstjórn Dröfn Guðmundsdóttir.

Samstarf skóla við trúar- og lífsskoðunarhópa

Skýrsla starfshóps

Ritstjórn Kolbrún Vigfúsdóttir og Guðrún Edda Bentsdóttir

Sveigjalegur námstími í grunnskóla

Tillögur og greinargerð starfshóps janúar 2007

Ritstjórn Guðrún Edda Bentsdóttir

Leikskóli fyrir alla

Höfundur Bergur Felixson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Leikskóla Reykjavíkur. Bókin nær yfir tímabilið 1975-2005.

Foreldrakönnun

Júní 2007


Umsjón Hildur Björk Svavarsdóttir.

Starfsáætlun 2007

Ritstjórn Sigrún Björnsdóttir og fl.

Ársskýrsla 2006

Ritstjórn Sigrún Björnsdóttir og fl.



8. Yfirlit yfir leikskóla borgarinnar

Skóli	Heimilisfang	Póstnúmer	Skóli	Heimilisfang	Póstnúmer
Arnarborg	Maríubakka 1	109	Hulduheimar	Vættarborgum 11	112
Austurborg	Háaleitisbraut 70	103	Jöklaborg	Jöklaseli 4	109
Álftaborg	Safamýri 32	108	Jörfi	Hæðargarði 27a	108
Árborg	Hlaðbæ 17	110	Klambrar	Háteigsvegi 33	105
Ásborg	Dyngjuvegi 18	104	Klettaborg	Dyrhömrum 5	112
Bakkaborg	Blöndubakka 2	109	Kvarnaborg	Árkvörn 4	110
Bakki	Bakkastöðum 77	112	Kvistaborg	Kvistalandi 26	108
Barónsborg	Njálsgötu 70	101	Laufskálar	Laufrima 9	112
Berg	Við Kléberg	116	Laugaborg	Við Leirulæk	105
Blásalir	Breknaás 4.	110	Lindarborg	Lindargötu 26	101
Brákarborg	Brákarsund 1	104	Lyngheimar	Við Mururima	112
Brekkuborg	Hlíðarhús 1	112	Lækjarborg	Við Leirulæk	105
Drafnarborg	Drafnarstíg 4	101	Maríuborg	Maríubaug 3	113
Dvergasteinn	Seljavegi 12	101	Múlaborg	Ármúla 8a	108
Engjaborg	Reyrengei 11	112	Njálzburg	Njálsgötu 9	101
Fálkaborg	Fálkabakki 9	109	Nóaborg	Stangarholti 11	105
Fellaborg	Völvufelli 9	111	Rauðaborg	Viðarási 9	110
Fífuborg	Fífurima 13	112	Rauðhóll	Sandavaði 7	110
Foldaborg	Frostafold 33	112	Reynisholt	Gvendargeisla 13	113
Foldakot	Logafold 18	112	Rofaborg	Skólabbæ 6	110
Funaborg	Funafold 42	112	Seljaborg	Tunguseli 2	109
Furuborg	Við Áland	108	Seljakot	Rangárseli 15	109
Garðaborg	Bústaðavegi 81	108	Sjónarhóll	Völundarhús 1	112
Geislabaugur	Kristnibraut 26	113	Skógarborg	Efstalandi 28	108
Grandaborg	Boðagrandi 9	107	Sólbakki	Stakkahlíð 19	105
Grænaborg	Eiríksötu 2	101	Sólborg	Vesturhlíð 1	105
Gullborg	Rekagrandi 14	107	Sólhlíð	Við Engihlíð	105
Hagaborg	Fornhaga 8	107	Stakkaborg	Bólstaðahlíð 38	101
Hamraborg	Grænuhlíð 24	105	Steinahlíð	Suðurlandsbraut	108
Hamrar	Hamravík 12	112	Suðurborg	Suðurhólum 19	111
Hálsaborg	Hálsaseli 27	109	Sunnuborg	Sólheimum 19	104
Hálsakot	Hálsaseli 29	109	Sæborg	Starhaga 11	107
Heiðarborg	Selásbraut 56	110	Tjarnarborg	Tjarnargötu 33	101
Hlíðaborg	Eskihlíð 19	105	Vesturborg	Hagamel 55	107
Hlíðarendi	Laugarásvegi 77	104	Vinagerði	Langagerði 1	108
Hof	Gullteigi 19	105	Völvuborg	Völvufelli 7	111
Holtaborg	Sólheimum 21	104	Ægisborg	Ægissíðu 104	107
Hólaborg	Suðurhólum 21	111	Öldukot	Öldugötu 19	101
Hraunborg	Hraunbergi 12	111	Ösp	Iðufelli 16	111

